

## ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 940/2011/ESB

2012/EES/67/41

frá 14. september 2011

## um Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna (2012) (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 147. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) skal Sambandið stuðla að háu atvinnustigi með því að hvetja til samstarfs milli aðildarríkjanna og með því að styðja og, ef nauðsyn krefur, auka við aðgerðir þeirra.
- 2) Samkvæmt 1. mgr. 153. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal Sambandið styðja og auka við aðgerðir aðildarríkjanna í tengslum við vinnuskilyrði, aðlögun einstaklinga sem eru útilokaðir frá vinnu- markaðnum og baráttu gegn félagslegri útskúfun.

3) Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal Sambandið m.a. berjast gegn félagslegri útskúfun og mismunun og stuðla að félagslegu réttlæti og vernd, jafnrétti kvenna og karla og samstöðu kynslóðanna.

4) Í 174. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er viðurkennt að sum svæði í Sambandinu líða fyrir alvarlega og viðvarandi lýðfræðilegar takmarkanir sem kunna að hafa neikvæð áhrif á þróunarstig þeirra og þarfnast sérstakrar athygli ef Sambandið á að geta náð markmiðinu um efnahagslega samheldni, félagslega samheldni og samheldni milli svæða.

5) Í samræmi við 25. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi viðurkennir Sambandið og virðir rétt aldraðra til lífs sem einkennist af reisu og sjálfstæði og til að taka þátt í félags- og menningarlífi.

6) Öldrun er án efa áskorun fyrir allt samfélagið og allar kynslóðir í Evrópu og varðar einnig samstöðu kynslóða og fjölskylduna.

7) Þeim íbúum Sambandsins, sem er fólki hátt á sextugsaldri og eldra, mun fjölga miklu hraðar en nokkru sinni áður. Þetta er sérlega jákvætt þar sem um er að ræða rökrétta afleiðingu af bættri heilsu og auknum lífsgæðum. Engu að síður, sökum þessarar lýðfræðilegu breytingar, stendur Sambandið nú frammi fyrir mörgum krefjandi viðfangsefnum.

8) Á fundum leiðtoga ráðsins hefur margoft verið viðurkennt að nauðsynlegt sé að takast á við áhrif þess á evrópska félagsgerð að íbúarnir verða ældri. Ein besta leiðin til að bregðast við þessari hröðu breytingu á aldursdreifingu er að stuðla að því að skapa menningu þar sem það telst ævilangt ferli að vera virkur fram á efri ár og tryggja þannig að hinn ört vaxandi fjöldi íbúa, sem nú eru um sextugt og eldri, sem eru almennt hraustari og betur menntaðir en samsvarandi aldurshópar á undan þeim, eigi góða möguleika á atvinnu og virkri þátttöku í félags- og fjölskyldulífi, þ.m.t. með sjálfböðavinnu, símenntun, menningarlegri tjáningu og íþróttum.

9) Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er með virkni á efri árum átt við það ferli þegar möguleikar eldra fólks á að halda góðri heilsu, taka þátt og búa við öryggi eru hámarkaðir þannig að það njóti meiri

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2011, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 48.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 51, 17.2.2011, bls. 55.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 7. júlí 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 19. júlí 2011.

lífsgæða. Það að vera virkur á efri árum gefur fólki möguleika á að líða vel líkamlega, félagslega og andlega alla ævi og taka þátt í samfélaginu en því sé tryggð nægileg vernd, öryggi og umönnun þarfnist það þess. Aukin virkni aldraðra krefst því nálgunar á breiðum grunni, réttar til sjálfsákvörðunar um eigið líf og varanlegs stuðnings allra kynslóða hver við aðra.

- 10) Evrópuár helgað virkni aldraðra og samstöðu kynslóða (2012) skal byggja áfram á arfleifið Evrópuárs um baráttu gegn fátækt og félagslegri útilokun (2010) og Evrópuárs um sjálfbodavinnu til að virkja borgara til þátttöku í þjóðfélaginu (2011) og því skal stuðla að samlegðaráhrifum þessara ára og Evrópuárs um virkni aldraðra og samstöðu kynslóða (2012) („Evrópuárið“).
- 11) Þar eð hlutfall eldra fólks hækkar í Evrópu og fleiri þjást af langvinnum sjúkdómum verður æ mikilvægara að stuðla að því að allir eldist við góða heilsu, einkum eldra fólk, og efla lífsþrótt þeirra og mannlega reisn, m.a. með því að tryggja aðgang að viðeigandi og góðri heilsugæslu, langtímaumönnun og félagsþjónustu og þróa framtaksverkefni til að koma í veg fyrir þá heilbrigðisáhættu sem fylgir öldrun. Það að eldast við góða heilsu getur stuðlað að aukinni þátttöku eldri borgara á vinnumarkaði, gert þeim kleift að vera lengur virkir samfélagsþegnar, bætt lífsgæði hvers og eins og minnkað álag á heilbrigðiskerfi, félagsþjónustu og lífeyriskerfi.
- 12) Framkvæmdastjórnin gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum um þau lýðfræðilegu viðfangsefni sem Sambandið stendur frammi fyrir og möguleikana á að fást við þau í orðsendingum sínum „Lýðfræðileg framtíð Evrópu“ - að breyta áskorun í tækifæri“ frá 12. október 2006, „Stuðlað að samstöðu kynslóðanna“ frá 10. maí 2007 og „Tekist á við áhrif þess að íbúar Evrópusambandsins verða æ eldri (Skýrsla um öldrun 2009)“ frá 29. apríl 2009.
- 13) Fjölbreytileiki eldri kynslóða í Evrópu á eftir að aukast enn frekar. Því er brýnt að stuðla með virkum hætti að jöfnum tækifærum og hvetja til þátttöku. Virkir borgarar með ólíkan bakgrunn gegna mikilvægu hlutverki sem brúarsmiðir í samfélaginu og stuðla að samlögun og leggja sitt af mörkum til hagkerfisins.
- 14) Ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, samþykktu 22. febrúar 2007 ályktun um tækifæri og áskoranir sem fylgja lýðfræðilegri breytingu í Evrópu: framlag eldra fólks til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar, þar sem bæði er lögð áhersla á þörfina fyrir fleiri möguleika á þátttöku þess, þ.m.t. með sjálfbodavinnu, og hin nýju efnahagslegu tækifæri („silfurhagkerfið“) sem verða til þegar eftirspurn eldri borgara eftir tilteknum vörum og þjónustu eykst, auk þess hve jákvæð ímynd eldri borgara skiptir miklu.
- 15) Ráðið samþykkti 8. júní niðurstöður um „Jöfn tækifæri kvenna og karla: Virkni og mannleg reisn aldraðra“, þar sem viðurkennt er að alls staðar í Sambandinu mæti eldri konur og karlar alvarlegum vanda þegar þau leitast við að lifa virku lífi og eldast með reisn, og lagði til að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin samþykktu ráðstafanir, m.a. til að efla stefnur um virkni aldraðra, og tækju um leið tillit til ólíkra aðstæðna í hinum ýmsu aðildarríkjum og mismunandi vanda sem konur og karlar standa frammi fyrir.
- 16) Ráðið samþykkti 30. nóvember 2009 niðurstöður um heilbrigði og mannlega reisn aldraðra og hvatti framkvæmdastjórnina m.a. til að þróa aðgerðir, sem miði að því að efla vitund fólks, til að stuðla að virkni aldraðra, þ.m.t. hugsanlega Evrópuár helgað virkni aldraðra og samstöðu kynslóða árið 2012.
- 17) Í orðsendingu sinni með fyrirsögninni „Evrópa 2020 - Stefnumörkun um hugvitssaman og sjálfbærar hagvöxt fyrir alla“ frá 3. mars 2010 lagði framkvæmdastjórnin áherslu á mikilvægi þess fyrir Sambandið að stuðla að heilbrigði og virkni eldri borgara í þágu félagslegrar samheldni og aukinnar framleiðni. Framkvæmdastjórnin samþykkti 23. nóvember 2010, sem lið í stefnumörkun fyrir Evrópu 2020, forgangsverkefni (e. flagship initiative) undir fyrirsögninni „Dagskrá fyrir nýja færni og störf: Framlag Evrópu til atvinnu fyrir alla“ en samkvæmt því skulu aðildarríkin einkum efla stefnur um virkni aldraðra. Hinn 16. desember 2010 samþykkti framkvæmdastjórnin enn fremur framtaksverkefnið „Evrópskur vettvangur til að reisa skorður við fátækt og félagslegri útskúfun: Evrópskur rammi um félagslega samheldni og samheldni milli svæða“: Evrópskur rammi um félagslega samheldni og samheldni milli svæða“. Til að ná þessum stefnumarkmiðum verða allir, jafnt á mismunandi stjórnsýslustigum og hinir ýmsu óopinberu hagsmunaaðilar, að leggja sitt af mörkum; að sama skapi geta þessi markmið haft stuðning á vettvangi Sambandsins af þeim aðgerðum Evrópuársins sem miða að því að efla vitund fólks og stuðla að gagnkvæmri miðlun góðra starfsvenja. Innlendir samræmingaraðilar skulu sjá til þess að landsbundnar aðgerðir verði samræmdar og séu í samræmi við markmið Evrópuársins. Enn fremur skal skipuleggja þátttöku annarra stofnana og hagsmunaaðila.
- 18) Ráðið samþykkti 7. júní 2010 niðurstöður um „Virkni aldraðra“ þar sem framkvæmdastjórnin er hvött til að halda áfram undirbúningi Evrópuárs um virkni aldraðra 2012 en á þeim tíma er hægt að draga fram kostina við virkni aldraðra og framlagið til samstöðu kynslóðanna og vekja athygli á vænlegum framtaksverkefnum til stuðnings við virkni aldraðra á öllum stigum.
- 19) Evrópuþingið samþykkti 11. nóvember 2010 ályktun með fyrirsögninni „Lýðfræðileg áskorun og samstæða kynslóða“ þar sem aðildarríkin eru hvött til að gera

- virgni aldraðra að einu af forgangsatríðum komandi ára. Í ályktuninni er einnig lögð áhersla á að með Evrópu-árinu skuli umfram allt vekja athygli á framlagi eldri borgara til samfélagsins og gefa tækifæri til að efla samstöðu, samstarf og skilning milli kynslóða og fá ungt fólk og eldri borgara til að starfa saman.
- 20) Í álitum, sem eru samin af efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni, er einnig lögð áhersla á þá þýðingu sem virkni aldraðra hefur fyrir Evrópu og m.a. bent á gildi heilsugæslu sem nær til allra kynslóða.
- 21) Í ákvörðun ráðsins 2010/707/ESB frá 21. október 2010 um viðmiðunarreglur varðandi atvinnustefnur aðildarríkjana<sup>(1)</sup> eru aðildarríkin, í viðmiðunarreglum 7 og 8, hvött til að auka atvinnuþátttöku með stefnumótun til að stuðla að virkni aldraðra, hækka hlutfall eldra launafólks með nýjungum í skipulagi vinnunnar og auka ráðningarhæfi þess með endurþjálfun og þátttöku í símenntun. Í viðmiðunarreglu 10 er lögð áhersla á þörfina fyrir að efla félagsverndarkerfi sem og stefnur um símenntun og virka aðlögun í því skyni að skapa tækifæri á mismunandi æviskeiðum fólks, vernda það gegn fátækt og félagslegri útskýfun og auka virka þátttöku þeirra í samfélaginu.
- 22) Í orðsendingu sinni „Stafræn áætlun fyrir Evrópu“, fyrsta framtaksverkefni Evrópu 2020, sem var samþykkt 19. maí 2010, lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaður og -þjónusta gæti létt undir með eldra fólki og lagði m.a. til að sameiginlega áætlunin um að aðstoða fólk við að búa sem lengst á eigin heimili (e. Ambient Assisted Living) yrði eflað. Í stafrænu áætluninni fyrir Evrópu er einnig mælt með samstilltum aðgerðum til að auka stafræna færni allra í Evrópu, líka eldra fólks, sem er yfirgnæfandi hluti þeirra 150 milljón borgara, eða u.þ.b. 30% af heildarfjölda borgara, sem hafa aldrei notað Netið. Með því að auðvelda aðgang að nýrri tækni og veita þjálfun í notkun hennar er hægt að auka tækifæri eldra fólks enn frekar.
- 23) Í tengslum við stefnumörkun fyrir Evrópu 2020 hefur framkvæmdastjórnin lagt til að innan ramma framtaksverkefnisins „Nýsköpun ESB“ verði nýsköpunarsamstarfi hrundið úr vör varðandi virkra og heilbrigða öldrun (e. Active and Healthy Ageing Innovation Partnership) (AHAIP). Þetta nýsköpunarsamstarf miðar að því að gera borgurum kleift að sjá um sig sjálfir og lifa lengur við góða heilsu og að hækka meðaltal heilbrigðra lífára um tvö ár eigi síðar en 2020.
- 24) Framkvæmdastjórnin er um þessar mundir að hrinda í framkvæmd áætlun Evrópu 2010-2020 um fötlun sem, með tilliti til þess að oft er samsvörum á milli fötlunar og öldrunar, inniheldur víðeigandi aðgerðir vegna eldra fólks. Þetta á einkum við um aðgerðir um aðgengi sem byggjast á nálguninni „hönnun fyrir alla“. Aðgerðir til að aldraðir eigi auðveldara með að lifa sjálfstæðu lífi og taka þátt í samfélaginu eiga einnig við, þ.m.t. þær sem beinast að eldra fólki með fötlun sem þarf mikinn stuðning, með flóknar þarfir og sérlega viðkvæmt og hætt við að vera útskýfað félagslega. Enn fremur hafa Sambandið og öll aðildarríkin undirritað samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem inniheldur m.a. ákvæði sem eiga við um eldra fólk.
- 25) Haldið er upp á Evrópudaginn um samstöðu kynslóða 29. apríl ár hvert. Á þeim degi gefst Sambandinu gott tækifæri til að endurnýja skuldbindingu sína um eflingu samstöðu og samvinnu kynslóða til að stuðla að réttlátu og sjálfbæru samfélagi.
- 26) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins í skilningi 37. liðar samstarfssamningsins frá 17. maí 2006 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála og trausta fjármála-stjórnun<sup>(2)</sup>.
- 27) Margir sjóðir Sambandsins, áætlanir og aðgerðaáætlanir taka einnig til aðgerða sem stuðla að virkni aldraðra, s.s. Félagsmálasjóður Evrópu<sup>(3)</sup>, Bygðaðþróunarsjóður Evrópu<sup>(4)</sup>, framfaraáætlunin<sup>(5)</sup>, símenntunaráætlunin<sup>(6)</sup> og sér í lagi Grundtvig-áætlunin, heilbrigðisáætlunin<sup>(7)</sup>, sérstöku áætlanirnar um upplýsinga- og fjarskiptatækni og um félagsdagfræðileg vísindi og hugvísindi í sjöundu rammaáætluninni um rannsóknir og þróunarstarf<sup>(8)</sup>, aðgerðaáætlunin um „að eldast vel í upplýsingasamfélaginu“, sameiginlega áætlunin um að aðstoða fólk við að búa sem lengst á eigin heimili<sup>(9)</sup>,

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1081/2006 frá 5. júlí 2006 um Félagsmálasjóð Evrópu (Stjtið. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 12).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1080/2006 frá 5. júlí 2006 um Bygðaðþróunarsjóð Evrópu (Stjtið. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á áætlun Bandalagsins fyrir atvinnumál og félagslega samstöðu — Framvinda (Stjtið. ESB L 315, 15.11.2006, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um að koma á aðgerðaáætlun á sviði símenntunar (Stjtið. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 45).

<sup>(6)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1350/2007/EB frá 23. október 2007 um að koma á fót annarri aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008-13) (Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 3).

<sup>(7)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1982/2006/EB frá 18. desember 2006 um sjöundu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tæknipróunar og tilraunaverkefna (2007-2013) (Stjtið. ESB L 412, 30.12.2006, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 742/2008/EB frá 9. júlí 2008 um þátttöku Bandalagsins í rannsóknar- og þróunaráætlunum nokkurra aðildarríkja um að auka lífsgæði eldri borgara með notkun nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni (Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 49).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 46.

rammaáætlunin um samkeppnishæfni og nýsköpun<sup>(1)</sup> með tilraunaverkefnum um þróun upplýsinga- og fjar-skiptatækni fyrir eldra fólk, Calypso-undirbúnings-áætlunin um ferðaþjónustu með tilliti til félagsmála og aðgerðaáætlunin um hreyfanleika í þéttbýli.

- 28) Til að tryggja að margar, mismunandi stofnanir taki þátt í minni viðburðum og aðgerðum á Evrópuárinu skal auðvelda framkvæmd þeirra eftir því sem unnt er.
- 29) Þátttaka í viðeigandi netkerfum á vettvangi Sambandsins á Evrópuárinu skal fá hvatningu og stuðning með nægu fjármagni.
- 30) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum Evrópuársins, vegna þess að til þess þarf upplýsinga-skipti milli landa og útbreiðslu góðra starfsvenja um allt Sambandið, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

### Viðfangsefni

Árið 2012 skal útnefnt sem „Evrópuár helgað virkni aldraðra og samstöðu kynslóða“ („Evrópuárið“). Það skal stuðla að lífsþrótti og mannlegri reisn allra.

2. gr.

### Markmið

Heildarmarkmiðið með Evrópuárinu skal vera að stuðla að sköpun menningar virkrar öldrunar í Evrópu á grundvelli samfélags fyrir alla aldurshópa. Innan þessa ramma skal Evrópuárið vera hvatning og stuðningur við viðleitni aðildarríkjanna, svæðis- og staðaryfirvalda, aðila vinnumarkaðarins, borgaralegs samfélags og atvinnulífsins, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, til að stuðla að virkni aldraðra og gera meira til að virkja hæfileika íbúa þess sem eru um og yfir sextugt og fer ört fjölgandi. Með því er stuðlað að samstöðu og samvinnu kynslóðanna um leið og tekið er tillit til fjölbreytileika og kynjajafnréttis. Stuðningur við virkni

aldraðra felur í sér betri möguleika á því að eldri konur og karlar geti tekið þátt í atvinnulífinu, að berjast gegn fátæk, einkum kvenna, og félagslegri útskúfun, að hvetja til sjálfbodavinnu og virkrar þátttöku í fjölskyldulífi og samfélagi og að stuðla að heilbrigðri öldrun með reisn. Þetta felur m.a. í sér að aðlaga vinnuskilyrði, berjast gegn neikvæðum staðalímyndum og mismunun eftir aldri, efla heilbrigði og öryggi á vinnustað, laga símenntunarkerfi að þörfum hækkandi aldurs vinnuaflds og sjá til þess að félagsverndarkerfi séu fullnægjandi og veiti rétta hvatningu.

Á grundvelli fyrstu málsgreinar skulu markmiðin með Evrópuárinu vera:

- a) að vekja almenning til vitundar um gildi virkrar öldrunar og hina ýmsu þætti hennar og sjá til þess að hún hljóti verðugan sess á pólitískri dagskrá hagsmunaaðila á öllum stigum í því skyni að vekja athygli á gagnlegu framlagi eldra fólks til samfélags og efnahagslífs, og meta það meira, að stuðla að virkni aldraðra, samstöðu kynslóðanna og lífsþrótti og mannlegri reisn allra, og gera meira til að virkja hæfileika eldra fólks, án tillits til uppruna þess, og gera því kleift að lifa sjálfstæðu lífi,
- b) að örva skoðanaskipti, skiptast á upplýsingum og þróa gagnkvæma menntun milli aðildarríkja og hagsmunaaðila á öllum stigum í því skyni að efla stefnur um virkni aldraðra, að sanngreina og miðla góðum starfsvenjum og hvetja til samstarfs og samlegðaráhrifa,
- c) að leggja til ramma fyrir skuldbindingu og markvissa aðgerð til að gera Sambandinu, aðildarríkjum og hagsmunaaðilum á öllum stigum, með þátttöku borgaralegs samfélags, aðila vinnumarkaðarins og fyrirtækja og með sérstakri áherslu á eflingu upplýsingastefna, kleift að þróa nýjar lausnir, stefnur og langtímaáætlanir, þ.m.t. heildstæðar áætlanir til að meðhöndla aldurstengdan vanda í tengslum við atvinnu og störf, með sértækum aðgerðum, og að fylgja sértækum markmiðum varðandi virkni aldraðra og samstöðu þvert á kynslóðir,
- d) að efla aðgerðir sem stuðla að því að berjast gegn mismunun eftir aldri, vinna bug á staðalímyndum í tengslum við aldur og fjarlægja hindranir, einkum með tilliti til ráðningarhæfi.

3. gr.

### Inntak ráðstafana

1. Þær ráðstafanir, sem gera skal til að ná markmiðunum, sem eru sett fram í 2. gr., skulu ná yfir eftirfarandi aðgerðir á vettvangi Sambandsins og á vettvangi ríkis, svæða eða sveitarfélaga:

- a) ráðstefnur, viðburði og framtaksverkefni, með virkri þátttöku allra viðkomandi hagsmunaaðila, til að skapa umræðu, vekja eftirtekt og hvetja til skuldbindingar við sértæk markmið og stuðla þar með að viðvarandi og varanlegum áhrifum,

<sup>(1)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun (2007-2013) (Stjtið. ESB L 310, 9.11.2006, bls. 15).

- b) upplýsinga-, kynningar- og menntunaráttak þar sem margmiðlun er notuð,
- c) miðlun upplýsinga, reynslu og góðra starfsvenja, m.a. með því að nota opið samráðsferli og netkerfi hagsmunaaðila sem vinna að markmiðum Evrópuársins,
- d) rannsóknir og kannanir á vettvangi Sambandsins, ríkja eða svæða og miðlun niðurstaðna með áherslu á efnahagsleg og félagsleg áhrif af eflingu virkrar öldrunar og stefna sem miða í þá átt.

2. Við framkvæmd aðgerðanna, sem um getur í 1. mgr., skal þess gætt að hafa allar kynslóðir með í för þegar unnið er að markmiðum Evrópuársins, einkum með því að leitast við að þróa aðferð til að ná til allra og hvetja til þátttöku eldri borgara og ungs fólks í sameiginlegum framtaksverkefnum.

3. Framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin geta kveðið á um aðrar aðgerðir sem stuðla að því að ná markmiðum Evrópuársins og leyft að heiti Evrópuársins verði notað til að kynna þessar aðgerðir, að því tilskildu að þær stuðli að því að markmiðunum, sem eru tilgreind í 2. gr., verði náð.

4. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu taka samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða til greina í allri starfsemi í tengslum við rekstur Evrópuársins.

5. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með því hvernig aðgerðir sem ná yfir landamæri geta stuðlað að því að markmiðunum sem sett eru fram í 2. gr., verði náð.

6. Reynt skal að sjá til þess að allar aðgerðir Evrópuársins, sem hafa almenna skírskotun, séu aðgengilegar öllum, einnig fótluðum einstaklingum.

4. gr.

#### Samræming við aðildarríki

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna innlendan samræmingaraðila sem sér um að skipuleggja þátttöku þess í Evrópuárinu og skal tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefninguna.

2. Innlendu samræmingaraðilarnir skulu einnig sjá til þess að landsbundnar aðgerðir vegna Evrópuársins séu samræmdar og geta einnig stuðlað að og auðveldað staðbundnar og svæðisbundnar aðgerðir í því samhengi. Innlendu samræmingaraðilarnir skulu einnig vinna að því að allir viðkomandi hagsmunaaðilar, þ.m.t. hið borgaralega samfélag, taki þátt í aðgerðum Evrópuársins.

3. Eigi síðar en 25. nóvember 2011 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um starfsáætlun sína, sem skal innihalda nánari upplýsingar um þær landsbundnu gerðir sem eru fyrirhugaðar á Evrópuárinu.

5. gr.

#### Þátttökulönd

Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í Evrópuárinu:

- a) aðildarríkjunum,
- b) umsóknarlöndunum,
- c) löndunum á vesturhluta Balkanskaga og
- d) ríkjunum innan Fríverslunarsamtaka Evrópu sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

#### Samræming á vettvangi Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma Evrópuárið á vettvangi Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal boða samræmingaraðila hvers lands til funda til að samræma aðgerðir vegna Evrópuársins á vettvangi Sambandsins og miðla upplýsingum og þekkingu, þ.m.t. um mögulegar skuldbindingar og framkvæmd þeirra í aðildarríkjunum.

3. Framkvæmdastjórnin skal auðvelda og styðja aðgerðir vegna Evrópuársins á lands-, svæðis- og staðarvísu, þ.m.t. með því að leggja til, eftir því sem við á, nýjar leiðir og tæki til að ná markmiðum Evrópuársins og meta þau.

4. Samræming á aðgerðum vegna Evrópuársins á vettvangi Sambandsins skal einnig vera á dagskrá starfandi stefnu- og ráðgjafarnefnda.

5. Framkvæmdastjórnin skal einnig boða til funda fulltrúa Evrópskra samtaka eða stofnana, sem starfa á sviði virkrar öldrunar, svo að þær geti aðstoðað við rekstur Evrópuársins.

6. Þema Evrópuársins skal hafa forgang hjá framkvæmdastjórninni í samskiptum fulltrúa hennar í aðildarríkjunum og hjá viðeigandi mikilvægum netkerfum á vettvangi Sambandsins sem fá stuðning vegna rekstrarkostnaðar síns af fjárlögum Sambandsins í vinnuáætlunum sínum.

7. Evrópuþingið, aðildarríkin, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins og svæðanefndin skulu taka þátt í aðgerðum Evrópuársins.

## 7. gr.

**Fjárstuðningur og annar stuðningur sem ekki er fjárhagslegur**

1. Aðgerðir, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., sem fara fram á vettvangi Sambandsins geta orðið grundvöllur innkaupa-samnings eða styrkveitingar af fjárlögum Sambandsins.

2. Í samræmi við gildandi reglur og innan fyrirbyggjandi ramma fyrir forgangsroðun getur Evrópuárið, eftir því sem við á, stuðst við áætlanir og stefnur er varða svið sem stuðla að því að efla virkni aldraðra, s.s. atvinnumál, félagsmál og jöfn tækifæri, menntun og menning, heilbrigði, rannsóknir, upplýsingasamfélagið, svæðastefna og stefna í flutningamálum.

3. Sambandið getur veitt annan stuðning en fjárhagslegan til aðgerða sem opinberar og einkareknar stofnanir annast sér í samræmi við 3. mgr. 3. gr.

## 8. gr.

**Fjárhagsáætlun**

1. Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd þessarar ákvörðunar á vettvangi Sambandsins, einkum að því er varðar aðgerðir sem eru tilgreindar í 1. mgr. 3. gr., fyrir tímabilið frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2012, skal vera 5 000 000 evrur.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitinga-valdsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

## 9. gr.

**Samræmi**

Framkvæmdastjórnin skal ásamt aðildarríkjunum sjá til þess að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, samræmist öllum öðrum áætlunum og framtaksverkefnum á vettvangi Sambandsins, ríkja og svæða sem stuðla að því að ná markmiðum Evrópuársins.

## 10. gr.

**Alþjóðasamstarf**

Framkvæmdastjórnin getur í tengslum við Evrópuárið átt samstarf við viðkomandi alþjóðastofnanir, einkum Sameinuðu

þjóðirnar og Evrópuráðið, til að tryggja að viðleitni Sambandsins til að stuðla að virkni aldraðra sé sýnileg.

## 11. gr.

**Mat**

1. Eigi síðar en 30. júní 2014 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina sem inniheldur heildarmat á þeim framtaksverkefnum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, með upplýsingum um framkvæmd og árangur og getur myndað grundvöll fyrir síðari stefnur, ráðstafanir og aðgerðir Sambandsins á þessu sviði.

2. Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., skulu einnig vera upplýsingar um hvernig kynjajafnrétti hefur verið felld inn í aðgerðir Evrópuársins og hvernig aðgengi fatlaðra einstaklinga hefur verið tryggt.

3. Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., skal einnig vakin athygli á langvinnum áhrifum Evrópuársins til eflingar á virkni aldraðra alls staðar í Sambandinu.

## 12. gr.

**Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

## 13. gr.

**Viðtakendur**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. september 2011.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. Buzek

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. Dowielewicz

*forseti.*